

Alþingi
Erindi nr. P 136/672
komudagur 9.1. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2008

Umsögn um frumvarp um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Samantekt

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og gerir meðfylgjandi athugasemdir.

Það er dregið mjög úr rannsóknarhlutverki safnsins samkvæmt núgildandi lögum sem kemur illa niður á háskólasamfélaginu öllu: stúdentum jafnt sem starfsliði. Auk þess er þjónusta við stúdenta og starfsfólk HÍ skert og opnað ríflega fyrir gjaldtökuheimildir á útlánagögnum sem SHÍ telur óásættanlegt.

Stúdentaráð minnir á að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er bókasafn Háskóla Íslands. Í safnið var fluttur ritakostur bókasafns HÍ og að undanskyldu menntavísindasviði á HÍ ekki önnur bókasöfn.

Safnið er einungis háskólabókasafn og háskólastofnun vegna tengsla við HÍ. Ef á að breyta merkingu orðsins á þá leið að hér sé um að ræða bókasafn allra háskóla landsins er á margvíslegan hátt verið að taka eina bókasafn HÍ af skólanum. Aukinheldur er HÍ eini háskólinn sem hefur lagt bókakost sinn inn til safnsins og er mjög óeðlilegt að verið sé að gera aðra háskóla jafnrétt háa gagnvart Landsbókasafni nema þeir leggi sinn bókakost og bókasöfn til safnsins.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

1. gr.

Gildissvið og hlutverk

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er þekkingarveita fyrir alla landsmenn sem heldur uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnáslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Safnið á jafnframt samstarf við aðra háskóla landsins.

Sértækar athugasemdir:

SHÍ gerir athugasemd við síðasta málslið ákvæðisins sem markar þá stefnu frumvarpshöfunda að hlutverki bókasafnsins skuli breyta í grundvallaratriðum. SHÍ leggur því til að hinum undirstrikaða málslið verði sleppt með öllu. Landsbókasafnið hefur verið helsta akkeri stúdenta og fræðimanna við Háskóla Íslands og síðasta setningin dregur úr því hlutverki. Nú þegar kemur fram í ákvæðinu að bókasafnið sé

þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Síðasti málsliðurinn virðist bæta stöðu annarra háskóla en HÍ gagnvart bókasafninu samanborið við stöðu landsmana yfirleitt.

2. gr.
Stjórn

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands, einn af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af félagi bókasafns- og upplýsingafræðinga samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og tveir án tilnefningar.

Sértækar athugasemdir:

SHÍ gerir veigamiklar athugasemdir við skipun stjórnar Landsbókasafn samkvæmt frumvarpi. Það er ólíðandi að fulltrúum HÍ sé fækkað í stjórn síns eigin Háskólabókasafns á kostnað utanaðkomandi fulltrúa. Í athugasemdum með frumvarpinu segir um þessa breytingu að hún sé bein afleiðing af hinu breytta hlutverki Landsbókasafnsins.

Einnig leggur SHÍ þunga áherslu á að stúdentar fái að lágmarki áheyrnarfulltrúa með málfrelsis- og tillögurétt inn í stjórn Landsbókasafns þar sem meirihluti notenda safnsins eru nemendur við HÍ. Stúdentar eiga þannig mikilla hagsmuna að gæta og ættu að vera hafðir með í ráðum. Það er ótækt að fulltrúar annarra háskóla, sem eiga sín eigin bókasöfn eigi kost á sæti í stjórninni en enginn nemandi við HÍ.

Einnig gerir SHÍ athugasemd við að fulltrúi Rannsóknarráðs Íslands sé tekinn úr stjórn safnsins þar sem þörfin fyrir að tengja safnið við almennt fræðastarf og rannsóknir á Íslandi er brýn.

SHÍ leggur til að háskólaráð HÍ skipi tvo fulltrúa í stjórn safnsins eins og verið hefur, Rannsóknarráð Íslands einn, einn sé tilnefndur af félagi bókasafns- og upplýsingafræðingum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra, einn án tilnefningar og SHÍ tilnefni áheyrnarfulltrúa með málfrelsis- og tillögurétt.

4. gr.
Hlutverk og áherslur

Hlutverk sitt rækir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn einkum með eftirfarandi hætti:

- 1. Að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings og fræðimanna með leiðsögn og aðgengi að upplýsingalindum í hvaða formi sem er.*
- 2. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi háskóla landsins og annarri vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun.*
- 3. Að annast framkvæmd samninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.*

4. *Að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun íslenskra handrita og einkaskjala og samsvarandi efnis á nýrri miðlum.*
5. *Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni, skrá þau, veita aðgag að þeim og varðveita til framtíðar.*
6. *Að veita aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi.*
7. *Að stuðla að samstarfi og samræmingu starfshátta bókasafna og veita þeim faglega ráðgjöf.*
8. *Að sinna öðrum þeim verkefnum sem tengjast beint starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn.*

Almennar athugasemdir

Hlutverk og áherslur Landsbókasafnsins taka veigamiklum breytingum í frumvarpinu þar sem hlutverk safnsins er miklu verr og lauslegar skilgreint en áður. Þetta gerir Stúdentaráð athugasemd við þar sem nokkrir töluliðir í núgildandi lögum tryggja stúdentum og starfsliði HÍ sem eru stærsti hluti notenda safnsins viss réttindi, sem verða að engu ef frumvarpið nær fram að ganga í óbreyttri mynd.

Sértækar athugasemdir

Stúdentaráð leggur áherslu á að eftirfarandi töluliðir miðað við núgildandi lög haldist inni þar sem réttur og þjónusta við háskólasamfélagið, bæði stúdenta og starfslið, er betur tryggður gagnvart safninu:

Númer miðað við 7. gr. nr. 71/1994.

7. *Að halda uppi rannsóknum á sviði íslenskrar bókfræði og bóksögu og veita upplýsingar um íslenska bókaútgáfu.*
9. *Að gefa safnagestum kost á vinnuástöðu og sem greiðustum aðgangi að safngögnum.*
10. *Að leiðbeina notendum bókasafnsins eftir fögnum um heimildaöflun og halda uppi fjölþættri upplýsingaþjónustu.*
11. *Að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands.*
12. *Að stuðla að sínu leyti að sjálfstæði og frumkvæði háskólanema í námi.*
13. *Að veita bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnarsýslu, rannsókna og hvers konar lista- og menningarmála í landinu.*
17. *Að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknarbókasafna og upplýsingamála.*
18. *Að stuðla að fræðslu- og menningarstarfsemi, m.a. með því að standa að fyrirlestrahaldi, sýningum og listviðburðum.*

5. gr.

Samstarf við Háskóla Íslands og aðra háskóla

Samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi.

Safnið veitir öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í þjónustusamningi við einstaka háskóla.

Almennar athugasemdir

Stúdentaráð gerir veigamikla athugasemd við 5. grein frumvarpsins. Safnið er bókasafn HÍ og í það var fluttur rita- og bókakostur HÍ að undanskyldu menntavísindasviði í upphafi. Enginn annar háskóli hefur lagt þannig gögn inn í safnið og þess vegna telur Stúdentaráð óeðlilegt að aðrir háskólar skuli vera jafnréttsháir. Breytingar þessar ganga langleiðina að því að allur bókakostur HÍ og þjónusta sem Háskólinn gerir ráð fyrir í öllum sínum áætlunum sé afhent öðrum háskólum til frjálsra afnota.

Það athugast að allir háskólar landsins eru reknir með fjárveitingu hins opinbera.¹ Þeir eru, og hafa verið, í sambærilegri stöðu til uppbyggingar bókasafns og annarrar stoðþjónustu. Menntayfirvöld hafa á undanförunum árum lagt mikið upp úr samkeppni háskólastofnana og stuðlað á margvíslegan hátt að uppgangi nýrra háskóla. Með frumvarpi þessu yrði samkeppnisstaða HÍ skekkt enn frekar en nú þegar er raunin. Hvernig ætlast menntayfirvöld til þess að samkeppni eigi sér stað þegar einn aðili, Háskóli Íslands, er þvingaður til þess að afhenda samkeppnisaðilum þá aðstöðu og gögn sem Háskólinn hefur fjárfest í?

SHÍ leggur til að Landsbókasafn haldi núverandi hlutverki sínu sem bókasafn Háskóla Íslands.

Sértækar athugasemdir

Í núgildandi lögum er mun skýrar kveðið á um skyldur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við nemendur og kennara HÍ. Í ákvæði frumvarpsins er ekkert tekið fram um þessar skyldur og ráðið telur að því verði að breyta. Í 6. gr. frumvarpsins er opnað fyrir samstarf og þjónustu við aðra háskóla og því óþarfi að taka það fram í þessari grein. SHÍ leggur til að 5. gr. verði svona:

Bókasafn Háskóla Íslands

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn skal sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands og stuðla að sínu leyti að sjálfstæði og frumkvæði nemenda skólans. Nánar skal kveðið á um þessar skyldur í þjónustusamningi milli Landsbókasafnsins Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands.

9. gr. Gjaldtaka

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem útlánastarfsemi, millisafnalán, fjölföldun, gerð ljósmynda, sérfræðilega heimildarþjónustu og tölvuleitir. Heimildin nær einnig til innheimtu skilagjalds eða dagsekt. Landsbókavörður setur gjaldskrá framangreinda gjaldtöku, að fenginni umsögn stjórnar, sem birt skal með aðgengilegum hætti.

Sértækar athugasemdir

Með 9. gr. eins og hún lítur út í frumvarpinu er enn og aftur verið að sauma að stúdentum en miðað við gildandi lög er ekki heimild til gjalda fyrir útlánastarfsemi safnsins. Enn á ný er markmið nýrra laga að seilast í buddu

¹ Því til viðbótar innheimta sumir háskólar (sem oft eru ranglega nefndir einkareknir) skólagjöld og eru að mörgu leyti í betri fjárhagslegri stöðu, m.a. vegna regna LÍN um skjólagjaldalán sem eru að verulegu leyti niðurgreidd af ríkinu.

námsmanna og er þar herfileg stefna á ferð að mati Stúdentaráðs sérstaklega í árferði eins og er. Eins og fram hefur komið áður er safnið eina bókasafn stúdentanna við HÍ og þess vegna leggur SHÍ mikla áherslu á að útlánastarfsemi verði áfram gjaldalaus.

Fyrir hönd Stúdentaráðs 8. Janúar 2009,



Björg Magnúsdóttir, formaður Stúdentaráðs



Kári Hólmar Ragnarsson, varaformaður Stúdentaráðs